

## Aukin móttaka úrgangsolíu í Örfirisey

### Ákvörðun um matsskyldu

#### 1 Inngangur

Þann 4. júní 2024 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Olíudreifingu um móttöku á meira magni af úrgangsolíu í olíubirgðastöðinni í Örfirisey, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. liðum 11.12 og 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, Brunavarnasviðs Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, Umhverfisstofnunar og Vinnueftirlits ríkisins.

#### 2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Tilkynning um framkvæmd í olíubirgðastöðinni í Örfirisey í Reykjavík. Olíudreifing. 4. júní 2024. Með erindinu fylgdi skýrsla um verksmiðjuolíu, dags. júní 2024.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Brunavarnasviði Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar dags. 8. júlí 2024
- Hafrannsóknastofnun dags. 8. júlí 2024
- Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur dags. 8. og 12. júlí 2024
- Umhverfisstofnun dags. 3. júlí 2024
- Vinnueftirliti ríkisins dags. 8. júlí 2024

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 11. júlí 2024.

#### 3 Fyrirhuguð framkvæmd

Fyrirhuguð framkvæmd felst eingöngu í móttöku á meira magni úrgangsolíu. Um er að ræða meðhöndlun á úrgangsolíu sem um áratuga skeið hefur verið tekið á móti og hún hreinsuð í olíubirgðastöðinni. Magnið hefur aukist undanfarin ár (5.555 tonn árið 2021, 6.276 t árið 2022 og 7.167 t árið 2023) og því telur fyrirtækið eðlilegt að miða heimild við 9.000 tonn á ári.

Í greinargerð kemur fram að allur búnaður verði óbreyttur; móttökuaðstaða, geymar, lekaþrær, vinnslubúnaður og mengunarvarnabúnaður.

#### 4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Olíudreifingar og umsögnum umsagnaraðila.

##### Áhrif á loft og vatn

Í greinargerð Olíudreifingar kemur fram að föstum og fljótandi úrgangi sem myndist við vinnsluna sé skilað til Sorpu í Álfsnesi. Undantöppun sé leidd í olíuskilju sem sé í sífelldri vöktun og þaðan í fráveitu Veitna. Hverfandi umhverfisálag sé á vatn. Gufur séu hverfandi og þar með losun í andrúmsloft.



Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að stofnunin hafi eftirlit með starfseminni, en ekki hafi verið gerðar athugasemdir vegna vinnslu úrgangsolíunnar í eftirlitskýrslum. Í eftirlitskýrslum hafi komið fram að ekki hafi fundist mikil lykt frá starfseminni þegar eftirlit fór fram. Í eftirlitskýrslum komi einnig fram að skynjarar í olíuskiljum séu prófaðir á þriggja mánaða fresti og olíuskiljur séu yfirfarnar og þrífarnar eftir þörfum. Í ljósi þessa og þess að eftir að hafa farið í gegnum olíuskiljurnar berist undantappað vatn í fráveitukerfi Veitna áður en því er veitt í sjó, telji Umhverfisstofnun að litlar líkur séu á umhverfisáhrifum á vatn vegna framkvæmdarinnar.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) kemur fram að ekki sé tilgreint í gögnum hver stærð mengunarvarnarbúnaðar, s.s. olíuskilja og lekaþróa, sé svo unnt sé að meta hvort búnaður ráði við aukin afköst. Á undanförunum árum hafi umtalsvert magn olíu verið að berast inn í dælustöð Veitna við Fiskislóð og hefur ekki verið hægt að staðfesta upprunann en olíusmit hafi fundist við eftirlit í brunnum nálægt olíubirgðastöðinni. Í ljósi þess magns sem þangað berst sé líklegt að a.m.k. hluti olíunnar komi frá þessu svæði. HER telur því að fara þurfi yfir mengunarvarnarbúnað frá móttökustöð fyrir úrgangsolíu, kanna hvort hann anni álagi frá starfseminni, skoða lagnakerfi og leggja svo fram niðurstöður svo unnt sé að meta hvort aukin starfsemi geti mögulega orsakað mengun eða álag á viðtaka og veitukerfi.

Í svörum Olíudreifingar kemur fram að móttaka meira heildarmagns úrgangsolíu yfir árið auki ekki hámarks heildarmagn í stöðinni á hverjum tíma, áfram verði notaðir sömu geymar og því sé ekki þörf á stærri þróum. Aukið heildarmagn yfir árið auki ekki flæði í gegnum olíuskiljur stöðvarinnar þótt meira magn færi í gegn yfir árið og krefjist þar með ekki aukinna afkasta olíuskilja. Flæðinu sé stýrt með dælum. Reyndar hafi vatnsinnihald móttekinnar úrgangsolíu minnkað, sem í raun minnki heildarmagn vatns sem leitt sé í fráveitu. En Olíudreifing hafi enga stjórn á vatnsinnihaldi úrgangsolíunnar sem berist til stöðvarinnar, það gæti því aukist aftur. Engu að síður verði tryggt eftir sem áður að flæði í gegnum olíuskiljur sé innan þeirra marka sem afköst þeirra miðast við. Ef grunur vakni um að olía berist frá stöðinni þurfi að upplýsa Olíudreifingu um það. Olíusmit eigi ekki að berast frá stöðinni.

## 5 Skipulag og leyfi

Starfsemin er á skilgreindu hafnarsvæði (H1a) og er þar gert ráð fyrir birgða-, rekstrar- og þjónustustarfsemi olíustöðvar samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040. Starfsemin er víkjandi og gert er ráð fyrir að hún verði lögð af fyrir lok gildistíma aðalskipulags.

Starfsemin er háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

## 6 Niðurstaða

Um er að ræða móttöku á auknu magni sem nemur allt að 9.000 tonnum af úrgangsolíu á ári í Olíubirgðastöðinni í Örfirisey í Reykjavík. Engin ný mannvirki verða reist en endurskoðun starfsleyfis stendur yfir. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 11.12 og lið 13.02 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

### **Eðli, staðsetning og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar**

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi hennar, samlegðar með öðrum framkvæmdum, úrgangsmýndunar og mengunar sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar sbr. 2. tl. 2. viðauka laga nr.



111/2021. Að endingu ber að skoða áhrif framkvæmdar í ljósi gerðar og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdar, svo sem með tilliti til: umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Framkvæmdin felur ekki í sér mannvirkjagerð af nokkrum toga. Starfsemin hefur verið með sama móti á þessum stað í áratugi. Framkvæmdin felst í því að heimila móttöku á meira magni af úrgangsolíu. Fyrirliggjandi búnaður er talinn anna auknum afköstum og er rennsli í gegnum olíuskiljur stýrt með dælum. Móttaka og hreinsun úrgangsolíu hefur í för með sér að dregið er úr mengun og stuðlað að bættri nýtingu náttúruauðlinda og lágmörkun úrgangs. Reglubundin starfsemi stöðvarinnar á ekki að hafa neikvæð áhrif í för með sér eða hafa í för með sér álag á umhverfið en nauðsynlegt er, þar sem meðhöndlun olíu á sér stað, að starfseminni séu settar skorður í starfsleyfi. Hvorki eðli, staðsetning né eiginleikar hugsanlegra áhrifa gefa tilefni til að meta umhverfisáhrif hennar.

### **Ákvörðunarorð**

Á grundvelli fyrirliggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 3. september 2024.

Reykjavík, 2. ágúst 2024

Jakob Gunnarsson

Sigurður Ásbjörnsson

